# GRÆNT BÓKHALD LANDSPÍTALA 2021

LANDSPÍTALI

## ÞAÐ HELSTA AF ÁRANGRI Í UMHVERFISMÁLUM

### 2011

**Verkefni**
- Umhverfisúttekt

### 2012

**Verkefni**
- Umhverfisstjóri ráðinn
- Umhverfisnefnd stofnuð
- Umhverfisstefna og starfsáætlun samþykkt
- Hætt með einnota plastyfirbreiðslur í þvottahúsi
- Sérhannaðir hjólabogar
- Grænt bókhald kynnt

### 2013

**Verkefni**
- Skýrt verklag um spilliefni og efnameðhöndlun
- Fyrstu umhverfiskröfur í útboð

### 2014

**Verkefni**
- Innleiðing á pappírsflokkun
- Hætt með einnota frauðbox í matsölum
- Samgönguátak - samgöngusamningar - bætt aðstaða - aukin þátttaka starfsmanna
- Fyrsta krafan í útboð um hjúkrunarvöru án PVC

**Viðurkenningar og vottanir**
- Viðurkenningar fyrir samgönguátak hjá Reykjavíkurborg og félagasamtökum hjólreiðamanna

### 2015

**Verkefni**
- Innleiðing á plastflokkun
- Endurvinnsla á textíl hefst
- Lífræn flokkun í öllum matsölum frá eldhúsi og leifum sjúklinga

**Viðurkenningar og vottanir**
- Svansvottun eldhúss og matsala
- Umhverfisverðlaun umhverfisráðuneytisins, Kuðungurinn

### 2016

**Verkefni**
- Facebooksíða stofnuð „Umhverfismál Landspítala"
- Loftslagsmarkmið um 40% minni $CO_2$-losun Landspítala
- 30% endurvinnsla
- Blóðbanki safnar og skilar frauðkössum og kæligelum
- Landspítali gerist félagi í Health Care Without Harm og Nordic Center for Sustainable Healthcare.

**Viðurkenningar og vottanir**
- Hjólavottun 10 starfsstöðva - silfur

### 2017

**Verkefni**
- Sýnaplöst án PVC
- Hætt að kaupa frauðglös
- Vottun - allt rafmagn frá vatnsorku
- 3 Zipcar við Hringbraut
- Hætt notkun á svartolíu
- Skoðunarhanskar án PVC og latex
- Hjólaskýli í Fossvogi

**Viðurkenningar og vottanir**
- Viðurkenning sem „Sustainable healthcare organiser of the year" by NCSH
- Tilnefning til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs

### 2018

**Verkefni**
- Hleðslustöðvar á Landakoti, Kleppi og í Fossvogi
- Zipcar í Fossvogi
- Notkun hætt á plastglösum
- Einnota umbúðir í matsölum eingöngu úr plöntusterkju
- Fyrsti rafbíllinn keyptur

### 2019

**Verkefni**
- Hætt notkun á olíukatli
- Glaðloftseyðingabúnaður
- Nýr samgöngupakki - strætó á hálfvirði og bætt þjónusta
- Hjólaskýli við Hringbraut

### 2020

**Verkefni**
- Hjólaskýli í Fossvogi
- Rafbílum fjölgar
- Sjálfskömmtun í matsölum minnka matarsóun
- Starfsfólki fjölgar fjórfalt í Strætó
- Örflæði í vinnuferðum - rafhlaupahjól ofl.

**Viðurkenningar og vottanir**
- Loftslagsviðurkenning 2020 Festu og Reykjavíkurborgar
- Climate Champion Awards 2020 Health Care Without Harm
- Græn skref í ríkisrekstri, skref 1-4 í Skaftahlíð

### 2021

**Verkefni**
- Evrópskt plastverkefni
- Hanskaátak
- Akstur án nagladekkja
- Norrænt samstarf um vistvæn innkaup



*Samgönguátak Strætó og Landspítala um árskort 29.500 kr heldur áfram.*



*Hjólaaðstaða hefur batnað á undanförnum árum.*



*Tilraunir með rafhjól og rafskútur fyrir vinnuferðir ganga vel.*

# LOFTSLAGSÚRBÆTUR – BETRI FRAMTÍÐ

Kolefnisspor vegna starfsemi Landspítala dróst enn frekar saman árið 2021 og stendur nú í 2750 tonnum $CO_2$ -íg og dróst losun milli áranna 2020 og 2021 saman um 18%.

## GLAÐLOFT OG SVÆFINGAGÖS

Áfram dregst saman losun því hætt er notkun á svæfingagasinu desfluoran og komið var í veg fyrir leka á glaðlofti í Fossvogi.

## AKSTUR STARFSMANNA Í OG ÚR VINNU

Losun jókst um 13%, starfsmönnum fjölgar og hlutfall vistvænni ferða stendur í stað.

## GUFUFRAMLEIÐSLA KETILHÚS

Notkun er eingöngu varaafl.

## FLUGFERÐIR

Losun dregst áfram saman og nú um 50% á milli ára.
Frá árinu 2015 er samdráttur 92% úr 614 tonnum $CO_2$-íg í 48 tonn.

## AKSTUR STARFSMANNA Á EIGIN BÍL

Dróst saman á milli ára um 22%, úr 112 tonnum $CO_2$-íg í 50 tonn.

## AKSTUR BÍLA SPÍTALANS

Jókst um 2% þrátt fyrir að örlítil aukning væri í hlut vistvænni bíla.

## LEIGUBÍLANOTKUN

Dróst saman um 11% á milli ára, ferðum fækkar.

## GUFUFRAMLEIÐSLA TUNGUHÁLS

Dróst saman um 92% á milli ára og 60% sé miðað við 2015.
Árið 2020 var óvenjulega mikið um bilanir.

## AKSTUR MATS OG LÍNS

Eykst um 2% á milli ára vegna aukinnar starfsemi, m.a. vegna COVID.

## ÚRGANGUR

30% samdráttur í losun vegna úrgangs sem skýrist einkum vegna betri farvegs lífræns úrgangs frá eldhúsi. Nýir og hærri losunarstuðlar voru notaðir nú og reiknaðir afturvirkt fyrir 2020. Magn úrgangs til urðunar dróst saman um 300 tonn.

## RAFORKA

Losun vegna raforku jókst um 6% einkum vegna aukinnar starfsemi í þvottahúsi.

## KOLEFNISSPOR LANDSPÍTALA - UPPSPRETTUR - tonn $CO_2$-ígildi

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar.




*Sjá nánar umfjöllun um kolefnisspor og árangur loftslagsmarkmiða og starfsáætlunar umhverfismála spítalans á landspitali.is*